Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagsglaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann
20__ og í _____ þann
20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með
athugasemdafrest til _____ 20__.


Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Útg. Dags. Skýring YLaf: Braff:


Breyting á deiliskipulagi "Kvotin"
vegna Austurstrætis 8-14, stag. 1.140.4
Snældingar, stærðir og bílastæði

Teknað af: THG Dagsetning: 19.12.2025
Yfirfarið af: FF Mælikvarði: 1:500
Háldur Guðmundsson
Freyr Frostason
Ólafur K. Finnþjarnarson
Paolo Gianfrancesco
Ragnar Auðunn Birgisson


ÍBÚÐAHUGMYNDIR
GRUNNMYND 5. HÆÐAR
mkv. 1:200




ÍBÚÐAHUGMYNDIR
GRUNNMYND 4. HÆÐAR
mkv. 1:200




GRUNNMYND 3. HÆÐAR
mkv. 1:200



GRUNNMYND 2. HÆÐAR
mkv. 1:200




HUGMYND AÐ
GRUNNMYND 1. HÆÐAR
mkv. 1:200




Í Austurstræti 8-10 er stór kjallari (ekki sýndur hér) með góðu aðgengi um stigahús og lyftu og þar er gert ráð fyrir geymslum íbúða hússins og hjóla- og vagnageymslu íbúða.

Deiliskipulagstillaga - ÍBÚÐAHUGMYNDIR, mkv. 1:200



Íbúðir - skýringar



Lykilmynd - sneiðingar - húsnúmer

Austurstræti 8-10									
Kjallari (atv.húsn. og lagerar)									
1. hæð (veitingast)									
2. hæð (atv.húsn)									
3. hæð (atv.húsn)									
Birtar stærðir	Íbúð birt stærð m²	2 herb. 49-70m²	3 herb. 118m²	4 herb 117m²	4-5 herb 140m² >	Alls			
4. hæð	0401 141	169			1				
	0402 59	1							
	0403 70	1							
4. hæð Heild	439	2	0	0	2	4			
5. hæð	0501 124		1	1					
	0502 118								
	0503 49	1							
	0504 60	1							
5. hæð Heild	351	2	1	1	0	4			
Samtals	790	4	1	1	2	8			
Bílastæði íbúða skv. viðmiðum svæði 1		2,0	0,8	0,8	1,5	5,0			
Bílastæði gesta (0,1 á íbúð)						0,8			


Austurstræti 12									
Kjallari (tilheyrir atv.húsn)									
1. hæð (atv.húsn)									
2. hæð (atv.húsn)									
3. hæð (atv.húsn)									
4. hæð (atv.húsn)									
5. hæð (atv.húsn)									

Austurstræti 12a									
Kjallari (tilheyrir atv.húsn)									
1. hæð (atv.húsn)									
2. hæð (atv.húsn)									
3. hæð (atv.húsn)									
Birtar stærðir	Íbúð birt stærð m²	2 herb. 49-70m²	3 herb. 70-75m²	4 herb 106-135m²	5 herb 140m² >	Alls			
4. hæð	0401 135			1					
4. hæð Heild	135	0	0	1	0	1			
5. hæð	0501 106			1					
5. hæð Heild	106	0	0	1	0	1			
Samtals	241	0	0	2	0	2			
Bílastæði íbúða skv. viðmiðum svæði 1		0,0	0,0	1,5	0,0	1,5			
Bílastæði gesta (0,1 á íbúð)						0,2			

Austurstræti 14									
Kjallari (tilheyrir atv.húsn)									
1. hæð (atv.húsn)									
2. hæð (atv.húsn)									
3. hæð (atv.húsn)									
Birtar stærðir	Íbúð birt stærð m²	2 herb. 49-70m²	3 herb. 70-75m²	4 herb 106-135m²	5 herb 140m² >	Alls			
4. hæð	0401 155			1					
	0402 75			1					
4. hæð Heild	155	0	1	1	0	2			
5. hæð	0501 148		1	1					
	0502 70		1	1					
5. hæð Heild	148	0	1	1	0	2			
Samtals	751	0	2	2	0	4			
Bílastæði íbúða skv. viðmiðum svæði 1		0,0	1,5	1,5	0,0	3,0			
Bílastæði gesta (0,1 á íbúð)						0,4			

Austurstræti 8-14									
Birtar stærðir	Íbúð birt stærð m²	2 herb. 49-70m²	3 herb. 70-118m²	4 herb 106-155m²	5 herb 140m² >	Alls			
Samtals Heild	1.782	4	3	5	2	14			
Bílastæði íbúða skv. viðmiðum svæði 1		2,0	2,3	3,8	1,5	9,5			
Bílastæði gesta (0,1 á íbúð)						1,4			
Bílastæði íbúða + gesta alls						11,0			

Tafla 4
Austurstræti 8 - 14 - Íbúðir - Íbúðastærðir áætlaðar
Fermetrar birt flatarmál m.v. hugmyndir að íbúðum - mælt af teikn



ADALSKIPULAG REYKJAVIKUR 2040



SKÝRINGARMYND - DEILISKIPULAGSSVÆÐI

SKÝRINGAR:

- Almörkun deiliskipulagsreits
- Núverandi byggingar
- Núverandi byggingar útrág
- Byggingarreitur núverandi húsn. nýir- / hækkaðir kvistar
- Lóðarmörk
- Mænissstefna
- Byggingarreitur - inndregin þakhönd / kvistir
- Hæðir / kjallari
- Húsnúmer
- Sorp
- Inngangur stigahús / inng. sorp (eðl. beinandi staðsetning)
- Þaksvallir
- Léttar úrbyggingar/ Markisur yfir útsvæði veitingastaða
- Björgunartæki/körfubíll - reitur
- Svalalína (sníðmyndir)

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____
20__ og í _____ þann _____
20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.


Útg. Dags. Skýring YLaf: Bráf:

Breyting á deiliskipulagi "Kvosin" vegna Austurstrætis 8-14, stag. 1.140.4
Hugmyndir að íbúðum og stærðir

Teiknað af: THG
Yfirfarið af: FF
Dagsetning: 19.12.2025
Mælikvarði: 1:500
Hallgrímur Guðmundsson
Freyr Frostason
Ólafur K. Finnþorsson
Paolo Gianfrancesco
Ragnar Auðunn Birgisson

THG ARKITEKTAR
Fasaleir 9 108 Reykjavík kt: 440703-2590
Sími: 545 1000 thg@thg.is www.thg.is

22-039-02 0403
Verknúmer Númer Útgáfa



Afstöðumynd
Skýringarmynd 1:500




Yfirflitsmynd - horft til vesturs




Austurstræti Ásýnd



Austurvöllur Ásýnd



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040



SKÝRINGARMYND - DEILISKIPULAGSSVÆÐI

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann
20__ og í _____ þann
20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með
athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



Skuggavarp gildandi deiliskipulag


21.jún kl 10.00



21.jún kl 13.30



21.jún kl 17.00




21.mars kl 10.00



21.mars kl 13.30



21.mars kl 17.00




Skuggavarp deilisk.tíllaga 2024

21.jún kl 10.00



21.jún kl 13.30



21.jún kl 17.00



21.mars kl 10.00



21.mars kl 13.30



21.mars kl 17.00

Útg. Dags. Skýring Ytlat: Brat:

Breyting á deiliskipulagi "Kvosin"
vegna Austurstrætis 8-14, stag. 1.140.4
Skýringarmyndir og skuggavarp

Teiknað af: THG
Yfirfarið af: FF

Dagsetning: 19.12.2025
Mælikvæði: 1:500

Hallgrím Guðmundsson
Freyr Frostason
Ólafur K. Finnjónsson
Ragnar Auðunn Björgsson

THG ARKITEKTAR

Faxaelli 9 108, Reykjavík, Ísland 440703 - 2560
Sími: 545 1600 thg@thg.is www.thg.is

22-039-02 04-04

Verknúmer Númer Útgáfa

MÁLEFNI: Breyting á skrifstofuhúsnæði í íbúðir og verslun/þjónusta á jarðhæð 31.10.2024

Til stendur að breyta skrifstofuhúsnæði efri hæðum Austurstrætis 8-10 og 12-14 í íbúðir. Á jarðhæð Austurstrætis 8 er að finna skemmtistað í flokki 3 en verslun og veitingastaði í flokki 2 á öðrum jarðhæðum bygginganna. Heilbrigðiseftirlit hefur bent á að sambúð milli skemmtistaða og íbúða er viðkvæm og þurfi að huga vel að hljóðeinangrun skemmtistaðarins við Austurstræti 8.

Mælingar á hljóðstigi á efri hæðum Austurstrætis 8 og 14 voru framkvæmdar af COWI verkfræðistofu yfir nokkur tímabil. Við Austurstræti 14 helgina 13.-17. sept og á efri hæðum Austurstrætis 8 helgarnar 4.-7. okt og 11.-14. okt. Niðurstöður úr þeim mælingum eru nýttar við mat á aðgerðum til að mæta kröfum byggingarreglugerðar um hljóðeinangrun og hljóðstig frá skemmtistöðum í íbúðum. Niðurstöður mælinganna má finna í viðauka við þetta minnisblað.

REGLUGERÐ OG KRÖFUR

Byggingarreglugerð vísar alfarið í gæðaflokk C í íslenska staðlinum ÍST45:2016 „Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis“ þegar kemur að hljóðvist. Í kafla 6 er að finna viðmið til hljóðeinangrunar íbúða sem og hljóðstigs frá skemmtistöðum í íbúðum. Tafla 1 sýnir viðmið reglugerðar til hljóðeinangrunar milli íbúða og verslunar/þjónusturýma sem og hljóðstig frá skemmtistöðum í íbúðum.

Tafla 1 Viðmið reglugerðar um hljóðeinangrun og hljóðstig í íbúðum.

	MÆLISTÆRÐ	VIÐMIÐ	FLOKKUR
Lofthljóðeinangrun milli íbúða og atvinnu- og þjónustustarfsemi	R'_w	60 dB	C
Högghljóðstig í íbúðum frá atvinnu- og þjónustustarfsemi	$L'_{n,w}$	48 dB	C
Í íbúðum frá diskótek, dansstað o.þ.h.	$L_{p,Aeq,T}$	25 dB	C
	$L_{p,Amax}$	27 dB	C

Eftirfarandi er farið yfir niðurstöður mælinga og útfærslur á aðgerðum til að mæta viðmiðum reglugerðar.

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á HLJÓÐSTIGI Á EFRI HÆÐUM

Sem fyrr segir framkvæmdi COWI verkfræðistofa mælingar á hljóðstigi á efri hæðum Austurstrætis 8 og Austurstrætis 14. Helstu niðurstöður og þau gildi sem nýtt eru við mat á aðgerðum er að finna í töflu 2. Mæliniðurstöður frá COWI í heild sinni er að finna í viðauka við þetta minnisblað. Tekið skal fram að um sítandi mælingar er að ræða og hljóðstig yfir dagtímabil er á köflum hátt sem að getur skýrst af umgengni innan hæðar á meðan að mælingar voru í gangi. Vegna þessa er því horft til kvöld og næturgildanna í niðurstöðum mælinganna. Þá skal þess getið að ekki er gerður greinarmunur á hljóðstigi sem að berst inn að neðan eða að utan.

Tafla 2 Samantekt á niðurstöðum mælinga COWI á hljóðstigi á efri hæðum.

Staðsetning	Tímabil	A vegið jafngildishljóðstig	C vegið jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig
A8 2. hæð	11-14. okt	Hæst um 45-55 dBA	Um 67-68 dBC	Um 60 dBA toppar í 70-80 dBA
A8 3. hæð mitt rými	4-7. okt	Um 50 dBA	Um 73 dBC	Um 62 dBA toppar í 73-82 dBA
A14 3. hæð suður	13-17. sept	37-40 dBA (10 mín) 35 dBA (60 mín)	-	65 dBA (10 mín) 55 dBA (60 mín)


Sjá má af niðurstöðum mælinganna að draga þarf verulega úr hávaða frá skemmtistaðnum við Austurstræti 8, til þess að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í töflu 1, þ.e. viðmið um 25 sem A vegið jafngildishljóðstig og 27 hámarkshljóðstig. Sjá má af þessum mælingum að um hávaða sem að berst með burðarvirkinu er að ræða, þ.e. hávaðinn er sambærilegur á 3. og 2. hæð sem þýðir að ekki er nóg að bæta hljóðeinangrunina í lofti staðarins heldur þarf að einangra staðinn í heild sinni.

Varðandi hljóðstigsmælingar á 3. hæð Austurstrætis 14 þá eru viðmiðin þar önnur en á skemmtistaðnum. Krafan þar er á lofthljóðeinangrun milli íbúða og veitingastaðar, $R'_w = 60$ og högghljóðeinangrun $L'_{n,w} \leq 48$ dB.

TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL AÐ BÆTA HLIJÓÐEINANGRUN SKEMMTISTAÐARINS VIÐ AUSTURSTRÆTI 8

Sambúð skemmtistaða og íbúða er viðkvæm og þarf að uppfylla strangar kröfur um hljóðstig í íbúðum frá skemmtistöðum sem að trompar kröfu um hljóðeinangrun.


Til þess að skemmtistaður geti starfað í sátt og samlinði við íbúa íbúða í sömu byggingu þarf skemmtistaðurinn að vera í box-í-boxi lausn. Það þýðir að byggja þarf skemmtistaðinn inn í rými innan í núverandi rými þar sem að innra rýmið er hvergi í beinni tengingu við ytra rýmið. Sjá má almenna skissu af box í box lausn á mynd 1.



MYND 1 Almenn skissa af box í box lausn.

Eftirfarandi er lauslega séð í gegnum aðgerðir til að mæta kröfum um hljóðstig frá skemmtistaðnum upp í íbúðir þar ofan við. Um vandasama aðgerð er að ræða og að mörgu að huga. Innra rýmið þarf að vera alveg þétt og svo gott sem loftþétt. Halda þarf öllum gegnumtökum á innra rými í skynsamlegu lágmarki. Búnaður sem að mögulega er of þungur til að hengja í niðurtekið loft innra rýmis, og þarf að hengja upp í plötu, skal vera í fjaðrandi festingum. Gæta þar þess að festingarnar leggjast ekki utan í innra loftið heldur þarf að koma fyrir fjörðun á milli og þetta vel meðfram gegnumtaki.

Riss af aðgerðum:



MYND 2 Einfaldað riss af box í box lausn skemmtistaðarins.

Loft:

Plötur milli hæða við Austurstræti 8 eru 300 mm steypar. Koma þarf fyrir fjaðrandi hengjum í loft skemmtistaðarins sem myndar 150 mm holrými. Fylla þarf holrýmið af ull og loka með 3x15 mm fermacell plötum. Gífsklæðningin má hvergi leggjast utan í aðra byggingarhluta heldur skal skilja eftir 2-3 mm bil sem síðan er lokað með fjaðrandi kítu.

Dæmi um loftahengjur sem að þarf að horfa til:

Mason Industries í UK:




<https://mason-ind.com/ceiling-hangers/>

Kinetics Noise Control í USA:



https://kineticsnoise.com/arch/isolated_ceilings.html


Skissa af uppbyggingu:



Veggir:

Mikilvægt er að veggir séu hvergi með beina tengingu út í núverandi vegg. Setja þarf upp vegg inn á vegg núverandi rýmis á þann hátt að þeir sé ekki í beinni snertingu við núverandi vegg. Stoðir þurfa helst að vera frístandandi en þurfi stífingu í veggina þurfa festingar að vera þar til gerðar fjaðrandi veggjafestingar. Gera skal ráð fyrir að lágmarki 45 mm stoðum fylltum af ull og lokað með 2x12,5 mm gifsi. Stoðir þurfa að vera að lágmarki 20 mm frá núverandi veggjum.

Skissa af uppbyggingu:



Á þetta einna helst við um steypa vegg. Langasamlega best er að léttir innveggir séu innan innra rýmis, þ.e. hvíli á innra gólfi og nái upp í innra loft. Ef til stendur að láta núverandi létta vegg halda sér þarf einnig að klæða innan á þá á sambærilegan hátt og steypa vegg.

Þurfi tengingu vegna stífunar o.þ.h. skal hún vera fjaðrandi. Líkt og með loft eru þó nokkrar útfærslur í boði:

Kinetics Noise Control í USA:




<https://kineticsnoise.com/psb-s/resilient-partition-attachment>

Senor frá Spáni (Þ.Þorgríms):



<https://senor.es/en/construction-range/acoustic-rubber-wall-lining-system/>

Mason Industries í UK:




<https://mason-ind.com/dnsb/>

Gólf:

Gólf þarf ýmist að vera uppbyggt létt timburgólf eða steypt plata, hvoru tveggja á fjaðrandi púðum.

Skissa af uppbyggingu:



Dæmi um fjaðrandi púða undir uppbyggt gólf:

Kinetics Noise Control í USA:



<https://kineticsnoise.com/rim/rollout-isolation-material>

Gluggar:

Huga þarf sérstaklega vel að útfærslu í kringum glugga þar sem að leiðni með gluggum og gluggakerfi getur hæglega leitt upp á efri hæðir. Til að loka innra rýminu þarf innri rúðu á gluggasvæðum líkt og sýnt er á rissi á mynd 2. Til stendur að skipta um glugga í byggingunum og tekur útfærsla á innri rúðu mið af þeirri útfærslu. Nánari útfærsla þarf að skoðast á síðari stigum.

Huga þarf að loftræsingum og öðrum búnaði á skemmtistaðnum sem að hefur áhrif á hönnun innra rýmis. Þarf að útfæra nánar á síðari stigum.

Innra rými þarf að vera svo gott sem loftþétt, þ.e.a.s. þetta þarf vel meðfram öllum samskeytum, rifum og opum. Halda þarf gegnumtökum í algjöru lágmarki og hafa gott bil á milli gata í ytra boxi og innra boxi. Þá þarf að þetta vel meðfram götum með fjaðrandi kítu. Öll gegnumtök þurfa að vera með þeim hætti að búnaðurinn sem að gengur í gegnum innra boxið sé ekki í beinni tengingu við boxið heldur sé lítið bil sem að síðan er lokað með steinull, þéttipulsu og fjaðrandi kítu eins og við á. Frekari umfjöllun um gegnumtök má finna hér á eftir.

Þar sem að box í box lausn er vandasöm aðgerð og að mörgu að huga við útfærslu þarf að útfæra þá aðgerð vel og vandlega og taka lengra á síðari stigum.

UMRÆÐA UM KRÖFUR MILLI VERSLUNA OG VEITINGASTAÐA OG ÍBÚÐA

Verslun og veitingastaðir þurfa að uppfylla kröfu um lofthljóðeinangrun $R'_w \geq 60$ dB og högghljóðstig $L'_{n,w} \geq 48$ dB.

Gera má ráð fyrir að 300 mm steypar milliplötur séu með lofthljóðeinangrun um $R'_w = 60$ dB og uppfylli þar með kröfu um lofthljóðeinangrun milli íbúða og veitingastaða. Ef milliplötur eru þynnri en 300 mm þá þarf að huga að aðgerðum til að bæta lofthljóðeinangrunina. Það getur t.d. verið með léttari klæðningu í fjaðrandi festingum í loft veitingastaðar.


Miðað við 300 mm steypa plötu milli kjallara og veitingastaða þá þarf gólfefni og undirlag veitingastaðar að vera með högghljóðdempun $\Delta L_w \geq 16$ dB. Miðað við 200 mm plötu þarf högghljóðdempun $\Delta L_w \geq 20$ dB.

FRÁGANGUR

Til að tryggja að kröfur, sem gerðar eru til hljóðeinangrunar, séu uppfylltar er mikilvægt að allur frágangur sé vandaður og að leiðbeiningum framleiðanda sé fylgt til hins ýtrasta. Á það jafnt við um létta veggi, loft, gólf og hurðir.


Huga þarf vel að frágangi við öll gegnumtök þannig að hljóðeinangrun skilflata rýrist ekki, hvergi mega vera rifur, bil eða op.

Hljóð getur borist með gegnumtökum á nokkra vegu. Mynd 3 sýnir helstu leiðir sem hljóðið finnur sér.




MYND 3 Gegnumtök geta skert hljóðeinangrun milli rýma.

Þar sem lagnir og loftstokkar ganga út úr eða í gegnum vegg eða loft skal gengið vandlega frá raufum og þétt að. Hvergi mega vera rifur, bil eða op. Koma skal fyrir tróð í göt, þéttipulsu beggja vegna og loka með fjaðrandi þéttiefni meðfram öllum lögnum og öðrum opum sem ganga í gegnum loft, vegg sem eða aðra skilfleti. Á mynd 4 má sjá dæmi um frágang gegnumtaka í léttum vegg.



MYND 4 Skýringarmynd sem sýnir frágang gegnumtaka í léttum vegg.



MYND 5 Fyrirmyndarfrágangur við gegnumtök og lagnir festar með fjaðrandi festingum.

Í raun gildir alltaf lögmálið um að koma ull fyrir í loftbilið sem að gæti myndast og þetta svo vel að með þéttipulsu og loks fjaðrandi þéttiefni. Mynd 5 sýnir fyrirmyndarfrágang milli hæða en sá frágangur á ekki síður við um vegg eða aðra skilfleti þar sem að gerð er krafa um hljóðeinangrun.

Allar lagnir sem að geta gefið frá sér titring, hvort sem að um ræðir rennislislagnir, loftræsistokka eða aðrar lagnir sem að geta titrað, mega hvergi liggja utan í öðrum byggingarhlutum og þurfa að vera festar með fjaðrandi festingum. Gæta þarf þess að herða festingar ekki um of en rörin þurfa að geta titrað örllítið óhindrað. Sama gildir um allan þann tæknibúnað sem að getur gefið frá sér titring að hann má hvergi liggja utan í eða vera í beinni tengingu við aðra byggingarhluta heldur þarf að vera ýmist á fjaðrandi púðum, millileggi eða fjaðrandi festingum.


SAMANTEKT

Líkt og mælingar COWI sýna myndi hljóðstig á efri hæðum Austurstrætis 8 vera yfir mörkum reglugerðar um hljóðstig frá skemmtistöðum í íbúðum m.v. núverandi aðstæður. Farið hefur verið yfir þær aðgerðir sem þarf til að mæta kröfum um hljóðeinangrun skemmtistaðarins til að eiga möguleika á íbúðum á efri hæðum. Um vandasama aðgerð er að ræða og þarf að vanda vel til verka, frágangur þarf að vera fyrsta flokks og í samræmi við fyrirmæli og framleiðendur lausna.


Skipt verður um glugga í byggingunum og þarf að huga sérstaklega að hljóðeinangrunareiginleikum þeirra og taka mið af skarkala að utan við næturlíf borgarinnar.

Nánari útfærsla á aðgerðum og lausnum þarf að vinnast í samráði við arkitekta og aðra hönnuði á síðari stigum.


Austurstræti 8 - 2.h í gluggalausum rými yfir Gyllta Kettinum




Austurstræti 8 - 2.h í gluggalausum rými yfir Gyllta Kettinum




Austurstræti 8 - 2.h í gluggalausum rými yfir Gyllta Kettinum




Austurstræti 8 - 3.h í miðju rými




Austurstræti 8 - 3.h í miðju rými




Austurstræti 8 - 3.h í miðju rými




Austurstræti 14 - 3.h suður




Austurstræti 14 - 3.h suður



Austurstræti 14 - 3.h suður



Austurstræti 14 - 3.h suður



Skrifstofa skipulagsfulltrúa
B.t. Sólveigar Sigurðardóttur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Drög - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um DSK Austurstræti 8-14

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2024 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um DSK Austurstræti 8-14. HER hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Skv. deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir íbúðum á efri hæðum húsa en veitingastarfsemi á 1. hæð muni halda sér. HER vill benda hér á að slæm reynsla er af því að hafa hávaðasama starfsemi á jarðhæðum eða starfsemi sem getur haft lyktarmengun í för með sér. Þeir staðir sem eru á neðstu hæð í Austurstræti 8-14 spila flestir háværa tónlist og eru opnir til kl. 4 eða 4:30 um helgar og til 1 á virkum dögum. Auk þess er veitingarekstur á hluta staðanna en lyktarmengun getur verið vegna þessa, sérstaklega á efstu hæðum en áhrifa gæti gætt víðar allt eftir frágangi útblásturs. HER hefur haft mörg slík kvörtunarmál til meðferðar.

HER vill sérstaklega benda á að samkvæmt íslenskum hljóðvistarstaðli ÍST 45:2016 er ekki mælt með því að hafa starfsemi s.s. skemmtistaði og líkamsræktarstöðvar á neðstu hæð húsa. Starfsemi kráa/skemmtistaða hefur gjarnan í för með sér sérstakar hljóðvistaráskoranir s.s vegna þungs bassataktis og hávaða frá gestum og tónlist. Athuga þarf einnig að rekstri á jarðhæð getur einnig fylgt ónæði vegna sorphirðu og vörumóttöku. Sorptæming fer gjarnan fram á nóttunni, eftir að starfsemi fyrirtækja s.s. skemmtistaða lýkur. Álag á nærliggjandi íbúðir getur því varað nær alla nóttina.

Fjöldi kvörtunarmála hefur komið upp hjá HER vegna háværrar starfsemi af þessu tagi á neðstu hæð íbúðarhúsa, nærtækt dæmi er staðurinn Skor í Kolagötu en þar veldur hávaði ónæði í íbúðum fyrir ofan en einnig er lyktarmengun vegna matseldar. Sé ekki gert ráð fyrir því við hönnun og byggingu húsa að ónæðissöm starfsemi eigi að vera á neðstu hæð íbúðarhúss getur verið erfitt eða nær ómögulegt að koma í veg fyrir að ónæði hafi áhrif á íbúðir. Þrátt fyrir úrbætur í Kolagötu hefur enn ekki tekist að koma í veg fyrir ónæði vegna lyktar og hávaða. Húsin við Austurstræti eru eldri hús, sum með verndun, erfitt gæti því reynst að koma fyrir fullnægjandi hávaðavörnum. Þar sem hávaði utandyra er einnig umtalsverður og hávaði berst líka frá nærliggjandi stöðum eru hljóðtæknilegar aðgerðir innanhúss heldur ekki nóg. Hvað varðar núverandi ástand í og við þá húsalengju sem deiliskipulagstillagan nær til þá er staðan sú að Center Hótel í Austurstræti 6 getur ekki leigt út hluta herbergja sinna um helgar vegna ónæðis frá American Bar í Austurstræti 8. Á



svæðinu eru, auk American Bar, staðirnir English Pub, Lúx, Jungle, Drunk rabbit, Gilligogg og Duck and Rose sem allir eru með háværa tónlist og/eða útihátala auk þess sem nokkrir þeirra eru með útiveitingasvæði sem opið er til kl. 23. Íbúar á svæðinu hafa ítrekað kvartað til HER vegna ónæðis frá nærliggjandi krám og skemmtistöðum og í mörgum tilvikum hafa þeir gripið til þess ráðs að dvelja annarsstaðar um helgar. Leiða má líkum að því að svipaðar áskoranir fylgi íbúðum í Austurstræti 8-14.

Almennt mælir HER með því að starfsemi á neðstu hæð íbúðarhúsa sé aðeins með opnunartíma á dagtíma til að tryggja næði fyrir íbúa á kvöldin og nóttunni. Að mati HER þyrfti verulegar breytingar á þeirri starfsemi og opnunartíma sem leyfður er á þessu svæði ef fjölga á íbúðum. HER telur mun æskilegra að halda íbúðarbyggð frá þessu svæði þar sem þéttleiki háværrar starfsemi er þarna mikill og ónæði eftir því og húsnæði ekki hentugt til að hýsa bæði íbúðir og ónæðissaman rekstur. Fylgja skyldi ráðleggingum íslensks hljóðvistarstaðals og staðsetja ekki íbúðir fyrir ofan krár og skemmtistaði.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

THG arkitektar
Freyr Frostason
Faxafeni 9, 108 Reykjavík
freyr@thg.is

Reykjavík, 17. desember 2025
202412-0012/ 6.06/ 3965/0645

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Austurstræti 8-14, breytingar á deiliskipulagi

Í tölvupósti dags. 2. desember 2025 leitar Freyr Frostason arkitekt eftir álit Minjastofnunar vegna breytinga á deiliskipulagi húseigna við Austurstræti 8-14. Með erindinu fylgja uppdrættir THG arkitekta dags. 7. nóvember 2025. Af þeim byggingum sem skipulagsbreytingin tekur til er Austurstræti 12-A friðað vegna aldurs (b. 1921) en Austurstræti 12 og 14 (byggð 1928) umsagnarskyld sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Austurstræti 10 er ekki hluti af umsókninni.

Drög að breytingunni voru kynnt Minjastofnun í október 2023. Í hinni endanlegu tillögu hefur verið brugðist við ábendingum sem þá komu fram. Minjastofnun hefur áður samþykkt breytingar á ytra borði Austurstrætis 12-A í umsögn 26. maí 2023. Íbúðir verða aðeins á 4-5 hæð Austurstrætis nr. 12-A og 14. Engar svalir verða á útveggjum nr. 12 og 14. Endurgerð á seinni tíma þakkvistum á nr. 14 verður minniháttar til að raska ekki hlutföllum hússins. Sótt er um heimild til að setja létt skyggni úr gleri og stáli við suðurhlið nr. 12, 12A og 14 sem nái mest 4 m. út frá húshlið.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við breytingar á deiliskipulagi Austurstrætis 12, 12A og 14 sk. uppdráttum THG arkitekta dags. 7.11. 2025. Hafa skal samráð við Minjastofnun um allar útlitsbreytingar umræddra húsa og senda aðaluppdrætti til umsagnar hjá stofnuninni. Minjastofnun leggur áherslu á að glerskyggni út frá suðurhliðum bygginga mót Austurvelli verði hönnuð með samræmdu útliti.

f.h. Minjastofnunar Íslands,

Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri húsverndarsviðs

Afrit í tölvupósti :

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (upplýsingar@reykjavik.is)

Hildur Ýr Ottósdóttir (hildur@yddi.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærانlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.